



ÁRSSKÝRSLA
Árið 2020



Efnisyfirlit

ÁVARP STJÓRNARFORMANNS.....	2
INNGANGUR	3
UM FJÖLMENNT	4
1. STARFSEMIN Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU	4
Rekstur, starfsfólk og starfstími.....	4
Starfstími.....	6
Starfsemi á óvenjulegum tímum	6
Fræðsla starfsfólks.....	7
Námskeið fyrir fólk með þroskahömlun og á einhverfurófi	7
Kennslustaðir Fjölmenntar og samstarfsaðila á höfuðborgarsvæðinu í námi fyrir fólk með þroskahömlun og á einhverfurófi	7
Styrkur frá Öryrkjabandalagi Íslands	8
Erlent samstarf.....	8
Samstarf við aðrar menntastofnanir	9
Samstarf árið 2020.....	9
Tækifæri ungs fólks með þroskahömlun og skyldar raskanir að loknu námi á starfsbraut ...	9
Hlutverk aðstoðarfólks á námskeiðum.....	10
Önnur verkefni.....	10
Kynningarmál.....	11
2. NÁM FYRIR FÓLK MEÐ GEÐRÆNAR ÁSKORANIR	12
3. STARFSEMI RÁÐGJAFARDEILDAR	13
Ráðgjöf innan Fjölmenntar	13
Ráðgjöf við þátttakendur og talsmenn þeirra	13
Könnun í búsetuþjónustu	14
Tengsl við símenntunarstöðvar	14
4. SAMSTARF VIÐ SÍMENNTUNARSTÖÐVAR	15
LOKAORÐ	17

ÁVARP STJÓRNARFORMANNS

Síðasta starfsár Fjölmenntar hefur markast talsvert af COVID-19 faraldrinum sem þjóðin hefur tekist á við. Hjá Fjölmennt hefur verið lögð áhersla á að halda úti öflugri starfsemi við óvenjulegar aðstæður til að geta boðið upp á fjölbreytt námstækifæri fyrir nemendur Fjölmenntar. Starfsemin hefur verið skipulögð þannig að hún standist kröfur um sóttvarnir, fjölda nemenda í rými og nálægðarmörk. Markmiðið hefur alla tíð verið að nemendur geti stundað nám við öruggar aðstæður og notið þeirra mikilvægu lífsgæða sem felast í aðgangi að menntun, krefjandi og skemmtilegum verkefnum og mannlegum tengslum. Námsefni hefur verið aðlagð nýjum aðstæðum og unnið að fjölbreyttum lausnum fyrir ólíka nemendur. Þá hefur starfsemi Fjölmenntar falið í sér mikilvæga tilbreytingu fyrir nemendur í þeim einangrandi aðstæðum sem covidfaraldurinn hefur skapað. Slíkt er líklegt til að hafa jákvæð áhrif á lífsgæði nemenda og er ekki síður mikilvægt. Á vordögum 2020 varð að leggja niður kennslu tímabundið vegna áhrifa faraldursins. Veturinn 2020 – 2021 hefur starfsemin hins vegar haldist óslitin allan veturinn og er það fagnaðarefni.

Undirbúningur næsta vetrar er nú í fullum gangi þar sem stefnt er að því að bjóða í auknum mæli upp á námsbrautir til viðbótar við hefðbundin námskeið Fjölmenntar. Þá er mikill vilji til að koma betur til móts við þá nemendur sem eru að útskrifast af starfsbrautum framhaldsskólanna, kynna þeim þau námstækifæri sem í boði eru í Fjölmennt auk þess að fá fram þeirra óskir um námsleiðir. Það eru því spennandi tímar framundan.

Síðasta starfsár hefur verið krefjandi á margan hátt fyrir nemendur og starfsfólk Fjölmenntar. Allir hafa lagst á eitt við að halda starfseminni eins fjölbreyttri og öflugri og unnt hefur verið og eru starfsfólki færðar þakkir fyrir góð störf.

Reykjavík, 10. maí 2021

Fyrir hönd stjórnar Fjölmenntar,

Gerður A. Árnadóttir formaður

INNGANGUR

Í þessari ársskýrslu er gerð grein fyrir starfsemi Fjölmenntar, símenntunar- og þekkingarmiðstöðvar árið 2020. Skýrslan er í 4 köflum. Fyrsti kafli fjallar um starfsemina á höfuðborgarsvæðinu. Annar kafli fjallar um nám fyrir fólk með geðrænar áskoranir. Þriðji um starfsemi ráðgjafardeildar Fjölmenntar og sá fjórði er um samstarf við símenntunarstöðvar á landsbyggðinni. Í fylgiskjöllum eru tölur um fjölda námskeiða, þátttakendur á námskeiðum, kennslustundafjölda og fleiri tölulegar upplýsingar.

STJÓRN FJÖLMENNTAR

Stjórn Fjölmenntar skipa:

- Gerður Aagot Árnadóttir, formaður, skipuð af Landssamtökunum Þroskahjálp
- Kristján Sigurmundsson, varaformaður, skipaður af Öryrkjabandalagi Íslands
- Hróbjartur Árnason, ritari, skipaður af Menntavísindasviði Háskóla Íslands
- Haukur Guðmundsson, meðstjórnandi, skipaður af Landssamtökunum Þroskahjálp
- Bjargey Una Hinriksdóttir, meðstjórnandi, skipuð af Öryrkjabandalagi Íslands

Varamenn:

Aileen Soffía Svendsdóttir og Sigmundur Stefánsson, skipuð af Landssamtökunum Þroskahjálp
Guðrún Barbara Tryggvadóttir og Hrönn Stefánsdóttir, skipaðar af Öryrkjabandalagi Íslands
Stjórnarfundir á árinu 2020 voru 8 talsins. Ársfundur var haldinn 11. maí.



UM FJÖLMENNT

Fjölmennt, símenntunar- og þekkingarmiðstöð er sjálfseignastofnun og eigendur hennar eru Landssamtökin Þroskahjálp og Öryrkjabandalag Íslands. Þessi félag tilnefna hvort um sig tvo fulltrúa í stjórn og einn fulltrúi er frá Menntavísindasviði Háskóla Íslands.

Hlutverk Fjölmenntar er að sinna símenntun fatlaðs fólks, 20 ára og eldra sem þarfnast sérstaks stuðnings í námi. Er þar einkum litið til fólks með þroskahömlun, fólk á einhverfurófi og með geðrænar áskoranir. Fjölmennt starfar samkvæmt þjónustusamningi við Mennta- og menningarmálaráðuneytið og fjárveitingar til starfseminnar eru ákvarðaðar af Alþingi á fjárlögum. Fjölmennt hefur aðsetur í Vínlandsleið 14 í Reykjavík þar sem kennslan fer að mestu fram. Fjölmennt sinnir ráðgjöf um allt land varðandi menntun fyrir fullorðið fatlað fólk. Þá eru gerðir samningar við símenntunarstöðvar um símenntun fatlaðs fólks á landsbyggðinni.

1. STARFSEMIN Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Árinu er skipt í fjögur námskeiðstímabil: Námskeið á vorönn, sumarnámskeið, námskeið á haustönn og jólanámskeið. Annarnámskeiðin eru mislöng, frá því að vera 4 vikur í að ná yfir alla önnina. Sumar- og jólanámskeið eru yfirleitt 1-2 skipti. Ásgerður Hauksdóttir verkefnastjóri sér um inntöku á annarnámskeiðin og skipulagningu þeirra. Kristín Eyjólfsdóttir þroskajálfi hefur umsjón með sumar- og jólanámskeiðum.

Báðar annir ársins hófust með viku undirbúningi og samstarfi við heimili þátttakenda í upphafi námskeiða, í júní og ágúst var unnið að nýjum námskeiðum, nýsköpunar- og þróunarstarfi og að verkefnum sem vörðuðu starfsemina í heild.

Rekstur, starfsfólk og starfstími

Árið 2020 var framlag til Fjölmenntar úr ríkissjóði 267,4 milljónir. Námskeiðsgjöld voru tæplega 12 milljónir sem er nokkru lægra en árið á undan. Þegar loka þurfti vegna COVID-19 í byrjun mars var tekin sú ákvörðun að endurgreiða námskeiðsgjöld sem þátttakendur höfðu greitt fyrir námskeið á önninni. Þó að haldið hafi verið úti fjarkennslu var vitað að aðstæður nemenda voru mjög mismunandi til þess að nýta sér það og þótti því sanngjarnt að endurgreiða þann tíma sem ekki var hægt að halda námskeið á staðnum.

Spurst var fyrir um hvort Fjölmennt stæði til boða að nýta sér einhver úrræði sem ríkisstjórn Íslands bauð upp á vegna COVID-19. Í svari kom fram að starfsemi Fjölmenntar félli ekki undir nein þau úrræði sem í boði eru.

Samkvæmt fjármálaáætlun átti framlag til Fjölmenntar að fara lækkandi. Af því hefur ekki orðið í reynd og upphæð nánast óbreytt árin 2019, 2020 og 2021.

Hjá Fjölmennt starfa 23 starfsmenn í mismunandi starfshlutfalli. Auk þess eru ráðnir verktakar bæði kennarar og stuðningsfulltrúar og fer fjöldinn eftir aðsókn á námskeið og

fjárhagsstöðu hverju sinni. Mikill stöðugleiki er í starfsmannahaldi og hafa margir starfsmenn unnið hjá Fjölmenn frá upphafi.

Starfsfólk á vorönn 2020:

- Forstöðumaður í 100 % starfshlutfalli
- 14 kennarar með samtals 219 kennslustundir á viku
- 15 verktakar með samtals 755 kennslustundir yfir önnina
- 3 ráðgjafar í samtals 1,2% starfshlutfalli
- Verkefnastjóri í símenntunardeild í 100% starfshlutfalli
- Verkefnastjóri fyrir námi fólks með geðfötlun í 25% starfshlutfalli
- Tölvuumsjón 22% starfshlutfall
- Verkefnastjórn með verktökum og námskeiðum utanhúss 25% starfshlutfall
- Starfsmaður í verkefni um hlutverk aðstoðarfólks í kennslustundum 20% starfshlutfall
- Starfsmaður vegna erlendra verkefna í 10% starfshlutfalli
- Félagsliði í 100% starfshlutfalli
- Starfsmaður með umsjón húsnæðis og móttöku nemenda í 100% starfshlutfalli
- 4 stuðningsfulltrúar með samtals 15 klukkustundir á viku
- Rekstrarstjóri í 50% starfshlutfalli
- Fulltrúi á skrifstofu í 75% starfshlutfalli

Starfsfólk á haustönn 2020:

- Forstöðumaður í 100 % starfshlutfalli
- 15 kennarar með samtals 210 kennslustundir á viku
- 11 verktakar með samtals 507 kennslustundir yfir önnina
- 3 ráðgjafar í samtals 1,2% starfshlutfalli
- Verkefnastjóri í símenntunardeild í 100% starfshlutfalli
- Verkefnastjóri fyrir námi fólks með geðfötlun í 25% starfshlutfalli
- Tölvuumsjón 22% starfshlutfall
- Verkefnastjórn með verktökum og námskeiðum utanhúss í 25% starfshlutfalli
- Starfsmaður í verkefni um hlutverk aðstoðarfólks í kennslustundum 20% starfshlutfall
- Starfsmaður vegna erlendra verkefna í 10% starfshlutfalli
- Félagsliði í 100% starfshlutfalli
- Starfsmaður með umsjón húsnæðis og móttöku nemenda í 100% starfshlutfalli
- 4 stuðningsfulltrúar með samtals 16,5 klukkustundir á viku
- Rekstrarstjóri í 50% starfshlutfalli
- Fulltrúi á skrifstofu í 75% starfshlutfalli

Starfstími

Vorönn

Námskeiðstímabil: 13. janúar til 20. apríl

Námskeiðsdagar: 80 - staðnám, fjarnám

Fjöldi námskeiða: 141

Kennslustundir samtals: 1.829

Þátttakendur: 386

Skipulögð voru 151 námskeið, 141 námskeið fóru af stað.

Úthlutuð námskeiðspláss voru 412 í byrjun annar, 386 einstaklingar sóttu námskeið, aðrir hættu við vegna COVID-19.

Sumarnámskeið

Námskeiðstímabil: 5. maí til 3. júní

Fjöldi námskeiða: 132

Kennslustundir samtals: 574

Þátttakendur: 171

Haustönn

Námskeiðstímabil: 25. ágúst til 2. desember

Námskeiðsdagar: 71

Fjöldi námskeiða: 186

Kennslustundir samtals: 3.179

Þátttakendur: 370

Jólanámskeið

Námskeiðstímabil: 9. desember til 17. desember

Fjöldi námskeiða: 101

Kennslustundir samtals: 203

Þátttakendur: 131

Starfsemi á óvenjulegum tímum

Vegna COVID-19 var starfsemi Fjölmenntar með breyttu sniði mestan hluta árs. Þegar fjöldatakmarkanir voru hertar þann 9. mars var ákveðið að hætta með námskeið á staðnum og taka upp fjarnámskeið. Haldið var úti öflugum fjarnámskeiðum til 20. apríl. Létt var á fjöldatakmörkunum þann 5. maí og þá hófust sumarnámskeið, en það er um mánuði fyrr en venjulega. Sumarnámskeið voru skipulögð þannig að fjöldi í húsnaðinu var innan takmarkana og yfirleitt aðeins 1-3 á hverju námskeiði.

Þegar unnið var að inntöku fyrir haustönnina var gert ráð fyrir að taka þyrfti tillit til fjöldatakmarkana og því farið af stað með fámenn námskeið. Þetta hafði óhjákvæmilega þau áhrif að margir nemendur fengu aðeins hálf námskeið. Engu að síður reyndist þetta góð

ráðstöfun því sóttvarnaraðgerðir voru hertar um miðja önn en starfsemin gat haldist óbreytt vegna fámennra námskeiða.

Nokkur fjöldi nemenda kaus öryggis síns vegna að sækja ekki námskeið á meðan smit voru mest í þjóðfélaginu og harðar sóttvarnir. Það hafði líka áhrif að nokkrir vinnustaðir fatlaðs fólks settu um tíma þá reglu að ef fólk ætlaði sér að sækja vinnu þá gæti það ekki sótt aðra starfsemi á meðan. Um tíma var því fámennt á námskeiðum.

Segja má að starfsemi á árinu hafi gengið vel miðað við aðstæður. Engin smit komu upp í Fjölmennt og enginn starfsmaður Fjölmenntar veiktist af veirunni og almennt lítið um að fólk væri frá vegna sóttkvíar.

Fræðsla starfsfólks

Í kjarasamningum kennara eru ætlaðir 10 dagar á ári til endurmenntunar. Starfandi er fræðslunefnd innan Fjölmenntar sem kannar þörf fyrir endurmenntun starfsfólks og er reglulega boðið upp á fræðslu sem þörf er á hverju sinni. Starfsfólk er duglegt að miðla reynslu sín á milli og reglulega haldnir faghópafundir þar sem starfsfólk lærir hvert af öðru. Á árinu var gert átak í fræðslu á möguleikum office365 og hófst starfsárið með námskeiði hjá tölvuskólanum Promennt.

Námskeið fyrir fólk með þroskahömlun og á einhverfurófi

Framboð á námskeiðum er fjölbreytt og boðið upp á námskeið í eftirfarandi námskeiðsflokkum:

Íþróttir, sund og dans
Heimilisfræði
Myndlist og handverk
Tónlist og leiklist
Mál og samfélag
Tölvu- og upplýsingatækni
Sjálfstyrking og valdefling

Námskeið Fjölmenntar eru flest haldin í húsnæði stofnunarinnar að Vínlandsleið 14.

Námskeið í íþróttum, sundi, zumba dansi, zumba í vatni, keilu, jóga, júdó og dansi eru haldin í íþróttahúsum, líkamsræktarstöðvum og sundlaugum á höfuðborgarsvæðinu.

Kennslustaðir Fjölmenntar og samstarfsaðila á höfuðborgarsvæðinu í námi fyrir fólk með þroskahömlun og á einhverfurófi

Árið 2020 fór kennsla fram á eftirfarandi stöðum:

- Vínlandsleið 14
- Íþróttahús fatlaðra í Hátúni 6
- Sundlaug Endurhæfingar í Kópavogi

- Sundhöll Reykjavíkur
- World Class í Egilshöll
- Keilusalurinn í Egilshöll
- Ökuskólinn í Mjódd
- Yogasmiðjan
- Dansskólinn Hvönn, Kórin í Þróttahús
- Sjúkraþjálfunin Styrkur
- Sundlaug Sjálandsskóla
- Tölvuskólinn Promennt
- Júdódeild Ármanns

Styrkur frá Öryrkjabandalagi Íslands

Fjölmennt fékk á árinu 6.500.000 króna styrk frá Öryrkjabandalagi Íslands. Styrkurinn var veittur í lok árs og verður til ráðstöfunar árið 2021.

Erlent samstarf

Fjölmennt tekur þátt í Erasmus+ verkefni sem nefnist *Silver Age Learning*. Það er samstarf fimm þjóða sem hefur að markmiði að undirbúa fólk fyrir þær breytingar sem fylgja hækkandi aldri og að gera eldri árin ánægjulegri, gæða þau meiri virðingu og meira sjálfstæði.

Verkefnið beinist að viðfangsefnum varðandi heilbrigði, hreyfingu, næringu, andlega velferð, félagslega þátttöku og stjórnun á persónulegum viðfangsefnum daglegs lífs á þriðja aldurskeiðinu, með því að bjóða heildstætt menntunartilboð fyrir eldra fólk.

Námskeiðin sem þróuð verða beinast að öllum þremur þáttum sjálfstæðis eldra fólks almennt.

- Sjálfstætt og fullfært eldra fólk sem býr heima
- Eldra fólk sem nýtur stoðþjónustu vegna takmarkaðrar eigin færni
- Eldra fólk sem býr á dvalarheimilum eða hjúkrunarheimilum og er háð stoðþjónustu og umönnun

Námskeiðið verður um 140 kennslustundir. Efnið verður þróað, skipulagt og tilraunakennt, þannig að tryggt verði að námstilboðið verði skilvirkt, sveigjanlegt og aðlaðandi fyrir eldra fólk. Samtímis er unnin kennsluhandbók fyrir leiðbeinendur sem kenna námskeiðin ásamt kennsluleiðbeiningum og ábendingum um aðlögun kennsluhátta og efnis, þannig að námskeiðin skili sem bestum árangri. Verkefnið er ekki sérstaklega skipulagt fyrir fólk með þroskahömlun en lagt var að Fjölmennt að taka þátt þar sem hér er mikil þekking í að einfalda námsefni. Verkefninu lýkur árið 2022.

Fjölmennt hefur undanfarin ár sótt um í náms- og styrkjasjóð Evrópusambandsins *Erasmus+* og hafa nú flestir kennarar stofnunarinnar farið í námsferðir erlendis og stefnt er að því að

gefa öllu starfsfólki kost á því. Engin námsferð var farin á árinu en til var styrkur fyrir fjóra til námsferða. Til stendur að nota styrkinn haustið 2021 ef ástand í Evrópu verður orðið eðlilegt.

Samstarf við aðrar menntastofnanir

Undanfarin ár hefur dregið úr samstarfi við aðrar menntastofnanir. Er það einkum vegna þess að fjármagn nýtist betur með því að halda námskeiðin hjá Fjölmennt. Í grein 1.2.2. í þjónustusamningi Fjölmenntar og menntamálaráðuneytis segir að stuðla eigi að því að aðrir símenntunaraðilar bjóði námskeið sem henta fötluðu fólki og aðstoða við að setja upp slík námskeið til að auka fjölbreytni og gæði.

Á næstu árum er brýnt að vinna að því að fötluðu fólki bjóðist fjölbreytt nám og skipta má því í þrjá flokka:

-Að stunda nám við almennar menntastofnanir sem ætlaðar eru fullorðnu fólki og að fatlað fólk geti stundað háskólanám til jafns við aðra.

-Atvinnutengt nám sem þarf að vera í samstarfi við atvinnulífið. Námið þarf að miða að því að fólk sem er án atvinnu fái vinnu að því loknu en einnig þarf að tryggja þeim sem eru í vinnu aðgang að endurmenntun í sínu starfi.

-Nám sem miðar að aukinni samfélagsþátttöku og auknum lífsgæðum. Hluti fatlaðs fólks þarf nám sem fyrst og fremst miðar að því að auka lífsgæði þess.

Samstarf árið 2020

Í samvinnu við Ökuskólann í Mjódd var boðið upp á bóklega kennslu í ökunámi. Námskeiðið var í húsnæði ökuskólans en kennari frá Fjölmennt annaðist kennsluna.

Námskeiðið *Skref til sjálfshjálpar* var haldið í samstarfi við símenntunarstöðina *Framvegis*. Námið var ætlað einstaklingum með lestrar- og skriftarörðugleika með það að markmiði að auka færni þeirra í lestri og ritun. Námið var 40 klukkustunda langt.

Á vorönn var námskeiðið *Tölvuviðhald og viðgerðir* haldið í samstarfi við tölvuskólann Promennt. Námskeiðið byrjaði sem staðnám en í mars færðist það yfir í fjarnám.

Samstarf var við símenntunarstöðina Klifið. Þar var boðið upp á *Zumba í vatni* sem haldið var í Sundlaug Sjólandsskóla. Námskeiðið var ekki haldið á haustönn.

Tækifæri ungs fólks með þroskahömlun og skyldar raskanir að loknu námi á starfsbraut

Haustið 2018 skipaði menntamálaráðherra verkefnishóp um úrbætur í menntun, atvinnu og tómstundum fyrir nemendur sem lokið hafa námi á starfsbrautum framhaldsskóla.

Verkefnishópnum var ætlað að afla gagna, leggja mat á þörf fyrir úrræði og gera tillögur til ráðherra. Skýrsla með niðurstöðum og tillögum kom út árið 2020. Kafli 4 fjallar um menntunartækifæri og undir liðnum 4.2 er lagt til samstarf milli Fjölmenntar og Fræðslusjóðs atvinnulífsins. Þar segir: „Nú stendur yfir stefnumótun hjá Fræðslusjóði atvinnulífsins og

endurskoðun úthlutunarreglna. Lagt er til að í þeirri vinnu verði litið sérstaklega til menntunartækifæra fatlaðs fólks, einkum á vegum Fjölmenntar og símenntunarstöðva landsins með það að markmiði að auka og bæta aðgengi fatlaðs fólks að menntun og fræðslu að loknu námi á starfsbrautum fyrir fatlaða nemendur í framhaldsskólum“.

Þessi umræða er ekki ný af nálinni. Haustið 2011 ákvað stjórn Fjölmenntar að leita eftir viðræðum við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og Fræðslusjóð atvinnulífsins um hugsanlegt samstarf. Hvatinn að þessum viðræðum var ákvæði í þjónustusamningi Fjölmenntar og menntamálaráðuneytis þar sem sagt var að þessir aðilar ættu að taka upp viðræður um samstarf. Einn eða tveir fundir voru haldnir en síðan lagðist þessi umræða í dvala. Vel er hægt að hugsa sér að ávinningur væri af sameiningu Fjölmenntar við almenna símenntunarkerfið. Ef af verður þarf að taka sérstaklega tillit til þess hóps sem mesta sérhæfingu þarf í námi og tryggja að tilboð þeim til handa skerðist ekki.

Hlutverk aðstoðarfólks á námskeiðum

Það færir í vöxt að þátttakendur á námskeiðum Fjölmenntar hafi með sér aðstoðarfólk að heiman. Hlutverk þeirra hefur verið óskýrt og því þörf á að skilgreina það. Haustið 2019 lauk Helle Kristensen kennari hjá Fjölmennt meistaránámi við Háskóla Íslands. Lokaverkefni hennar heitir *Milliliður, stuðningsaðili eða hlutlaus fylgdarmaður: hlutverk aðstoðarfólks í námi fólks með þroskahömlun sem þarf mikinn stuðning*. Í rannsókn sinni tók hún viðtöl við starfsfólk heimila fatlaðs fólks sem fylgja þátttakendum á námskeið Fjölmenntar. Upp úr rannsókninni spratt sú hugmynd að búa til efni sem skýrir hlutverkið og kynna það fyrir starfsfólki á heimilum þátttakenda.

Á vorönn var unnið að undirbúningi fræðsluerindis fyrir starfsfólk í búsetuþjónustu þátttakenda og byrjað að búa til fræðsluefni fyrir heimasíðuna. Í júní var síðan haldinn starfsdagur með starfsfólki Fjölmenntar þar sem unnin var hópavinna um leiðbeiningar til aðstoðarfólks og hlutverkaleikir um vinnulag kennara.

Á haustönn var haldinn starfsdagur með starfsfólki Fjölmenntar þar sem hópavinnan var kláruð og í kjölfarið var skjal með leiðbeiningum til aðstoðarfólks birt á heimasíðunni. Verkefnastjóri kláraði fræðsluefni fyrir starfsmannahópa og birti það einnig á heimasíðunni ásamt ýmsu öðru efni tengdu verkefninu. Haldinn var einn fræðslufundur fyrir starfsfólk í búsetuþjónustu. Í desember var síðan unnið að því að taka upp myndbönd sem áætlað er að fylgi fræðsluefninu á heimasíðunni.

Verkefninu átti að ljúka árið 2020 en vegna COVID-19 hefur það tafist en verður framhaldið um leið og hægt er.

Önnur verkefni

Fjölmennt er aðili að hátíðinni *List án landamæra* og hefur átt fulltrúa í stjórn hennar frá upphafi. Þetta árið var hátíðin með breyttu sniði sökum COVID-19.

Hefð er fyrir því að halda bæði vor- og jólatónleika þar sem þátttakendur á tónlistarnámskeiðum koma fram. Vegna COVID-19 var ekkert tónleikahald þetta árið. Einnig féll árleg *vorhátíð Fjölmenntar* niður.

Kynningarmál

Á heimasíðu Fjölmenntar eru upplýsingar um starfsemina og námskeiðin auglýst. Tölvupóstur er sendur til þeirra sem stundað hafa nám hjá Fjölmennt undanfarin ár og vakin athygli á námskeiðunum og minnt á umsóknarfrest. Fjölmennt heldur einnig út facebook síðu og Instagram reikningi. Þar eru birtar fréttir og myndir af námskeiðum.

Áður en námskeið hefjast hringja kennarar í þátttakendur/talsmenn til að afla nauðsynlegra upplýsinga svo sem um boðskiptaleiðir, sérstakar þarfir og einnig til að heyra hvaða væntingar þátttakandi hefur til námskeiðsins. Í lok hvers námskeiðs er þátttakanda/talsmanni boðið að meta námskeiðið og fá yfirlit yfir það sem gert hefur verið á námskeiðinu, meta hvernig til hefur tekist og yfirfæra verkefni námskeiðs á heimavettvang. Í þessum viðtölum er einnig leitað eftir óskum og hugmyndum að nýjum námskeiðum.

Á vorin eru kynningar fyrir útskriftarnemendur á starfsbrautum framhaldsskóla. Vegna COVID-19 féllu þær niður vorið 2020.

Reglulega er fundað með forstöðumönnum íbúðakjarna. Þá er farið yfir atriði tengd námskeiðum og hlustað á skoðanir og hugmyndir þeirra um námskeiðahaldið og reynt að mæta óskum þeirra.

Sjónvarpsstöðin Hringbraut gerði þátt um Fjölmennt sem sýndur var í febrúar.

2. NÁM FYRIR FÓLK MEÐ GEÐRÆNAR ÁSKORANIR

Á vorönn 2020 voru auglýst 19 námskeið á heimasíðu Fjölmenntar – Geðrækt; að mestu sömu námskeið og haldin voru á haustönn 2019 en einnig ný námskeið.

Til stóð að haldin yrðu 9 námskeið og gengið frá inntöku á þau en fella þurfti tvö þeirra niður vegna samkomubanns. Nokkur námskeið voru haldin en felld niður eftir nokkur skipti en nokkrum þeirra var hægt að ljúka síðar. Haldið var eitt sumarnámskeið.

Auglýst voru 18 námskeið á haustönn, flest þau sömu og á vorönn. Haldin voru 10 námskeið; fjögur þeirra var hægt að halda án þess að til styttingar kæmi vegna samkomubanns en sex þeirra þurfti að stytta. Jólanámskeið voru fjögur.

COVID-19 faraldurinn setti að einhverju leyti mark sitt á líðan nemenda í Geðræktarhópnum og áttu nemendur stundum erfitt með að nýta sér námskeiðin vegna þessa.

Mikil samvinna hefur ávallt verið við nemendur og þá aðila sem að annarri þjónustu við þá koma, svo sem í búsetu og dagþjónustu og hefur skapast gott samstarf um þau námskeið sem haldin hafa verið. Einnig hefur verið mjög góð samvinna við þá kennara sem að námskeiðunum standa. Á tímum COVID-19 hefur mikilvægi góðrar samvinnu skilað sér í auknu upplýsingaflæði, samskiptum og stuðningi við nemendur.

Í upphafi anna hefur verið leitað eftir tillögum að námskeiðum frá notendum þjónustunnar og starfsfólki sem koma að annarri þjónustu við þá, starfsfólki í búsetu og dagþjónustu, félagsþjónustu, ýmsa þjónustuaðila hjá LSP - endurhæfingu o.fl.

Nokkrar tillögur hafa komið að nýjum námskeiðum meðal annars um að leggja aukna áherslu á námskeið sem henta ungu fólki en að einnig verði áfram boðið upp á námskeið fyrir þau sem eldri eru. Fram kom nokkur áhugi fyrir stuttum námskeiðum og örnámskeiðum, sérstaklega fyrir yngri nemendur.

Undanfarin ár hafa nemendur í Fjölmennt-Geðrækt flestir verið á aldursbilinu 35 – 65 ára og sá hópur hefur mótað þau námskeið sem boðið hefur verið upp á, komið með hugmyndir og haft áhrif á framvindu starfsins. Ungt fólk hefur hingað til síður sótt um námskeið og örfá örnámskeið haldin fyrir þann aldurshóp sérstaklega. Nokkur aukning varð þó á umsóknum frá ungu fólki á árinu 2020 og hefur verið mjög ánægjulegt að þjóna þeim hópi. Reynt var sérstaklega að koma til móts við þau þar sem því varð við komið og hefur það verið hvatning til að gera enn betur. Vaxandi umræða hefur verið undanfarin ár, milli verkefnastjóra og starfsfólks í annarri þjónustu, um að reyna að ná til ungs fólks með andlegar/geðrænar áskoranir, sem er vaxandi hópur í samfélaginu og höfum við áhuga á að efla þjónustu við þann hóp og bjóða upp á námskeið sem henta.

Anna Filippía Sigurðardóttir er verkefnastjóri námskeiða fyrir fólk með geðrænar áskoranir.

3. STARFSEMI RÁÐGJAFARDEILDAR

Hjá Fjölmennt starfa þrír ráðgjafar

- Anna Soffía Óskarsdóttir, ráðgjafi á sviði samsettra fatlana og tjáskiptaraskana í 50% starfshlutfalli
- Jarþrúður Þórhallsdóttir, ráðgjafi vegna fólks á einhverfurófi í 50% starfshlutfalli
- Helle Kristensen, ráðgjafi vegna innleiðingar snjalltækja í 20% starfshlutfalli

Störf ráðgjafardeildar lituðust af áhrifum COVID-19 eins og önnur starfsemi Fjölmenntar. Í stað heimsóknna og ráðgjafar á staðnum var Teamskerfið notað til margvíslegra samskipta og samstarfs. Einnig var unnið markvissar að því að setja fræðsluefni á heimasíðuna. Samstarf við hinar ýmsu símenntunarstöðvar fór að mestu fram með fjarfundum, tölvupóstum og símtölum. Ráðgjöf innan Fjölmenntar litaðist einnig af takmörkunum í samskiptum og færðist í auknum mæli inn á Teams.

Ráðgjöf innan Fjölmenntar

Vegna COVID-19 og takmarkana á umgengni hefur verið lítið um heimsóknir í kennslustundir. Frumkvæði að ráðgjöf við kennara og aðra starfsmenn kemur nú orðið að mestu frá þeim og sem fyrr fer stór hluti ráðgjafarinnar fram á misformlegum fundum og í samtölum við kennara í dagsins önn. Ráðgjafi um snjalltæki felldi á vorönninni niður beina fræðslufundi, en á haustönninni voru haldnir þrír fræðsluviðburðir sem voru vel sóttir bæði á staðnum og í fjarfundaformi. Allir ráðgjafarnir eru í fræðslunefnd Fjölmenntar ásamt fulltrúa kennara, en tveir ráðgjafanna eru einnig í kennslu.

Á árinu voru unnir verkferlar fyrir gæðahandbók Fjölmenntar, meðal annars um vinnuramma í kringum það þegar þátttakandi fær nýjan kennara. Einnig um aðferðir við markmiðssetningu og námsmat með þátttakendum. Unnið var með eftirfarandi viðfangsefni: mismunandi gerðir markmiða, um notkun talmotta og snjallforrita í námsmati og um aðferðir í anda RPM.

Ráðgjafar hafa samband við alla nýja umsækjendur áður eða á meðan inntökuberli stendur yfir. Í flestum tilfellum eru síðan haldnir fundir með kennurum og hinum nýju þátttakendum ásamt talsmönnum þeirra, ýmist á heimili þeirra eða í húsnæði Fjölmenntar að vali þátttakenda.

Ráðgjöf við þátttakendur og talsmenn þeirra

Lítið var um heimsóknir til ráðgjafa á árinu. Ráðgjöf fór því fram með öðrum hætti, í gegnum símtöl, tölvupóst og Teams. Veitt var ráðgjöf og upplýsingar til einstaklinga og aðstandenda sem leituðu sjálfir til Fjölmenntar og einnig til starfsfólks í félagsþjónustu sem tengdist fötluðu fólki. Ráðgjöf og stuðningur var veittur aðilum sem stunda nám við aðrar menntastofnanir og leituðu sjálfir eftir aðstoð vegna erfiðleika í námi.

Á árinu voru tvær heimsóknir fagfólks sem kynntu sér kennsluaðstæður, rofabúnað, stuðningsbúnað við spjaldtölvur og ákveðin svið í kennslu og námstilboði Fjölmenntar.

Ráðgjöf vegna innleiðingar snjalltækja í daglegt líf breyttist, ekki var hægt að halda fræðslufundi, en í staðinn voru gefin út fréttabréf og áhersla á að miðla fræðsluefni á heimasíðu Fjölmenntar. Þó náðist að halda einn umræðufund þar sem áhersla var lögð á gagnlegar leiðir til að nýta snjalltækjanám og auðvelda notkun snjalltækja í daglegu lífi. Einnig var einn fræðslufundur fyrir starfsmannahóp í búsetuþjónustu þar sem fræðsla var veitt um möguleika varðandi sjónrænt skipulag í snjalltæki.

Könnun í búsetuþjónustu

Í kjölfar tímabundinnar lokunar vegna COVID-19 var gerð óformleg könnun þar sem ráðgjafar höfðu samband við alla forstöðumenn í búsetuþjónustu á höfuðborgarsvæðinu um viðbrögð á heimilum við fréttabréfi, námsefni á heimasíðu og fjarkennslu. Almennt þótti fólk Fjölmennt hafa brugðist vel við, en mjög var misjafnt hversu mikið svarendur töldu að efni hefði komið að gagni fyrir íbúa. Svör voru allt frá því að haldnar hefðu verið Fjölmenntarstundir starfsmanna og íbúa og að fjarkennsla hafi skipt viðkomandi einstaklinga miklu máli til þess að álag á heimili hafi verið svo mikið að fréttabréf höfðu ekki verið lesin né skoðaðar ábendingar um efni.

Tengsl við símenntunarstöðvar

Ásamt því að verða við óskum símenntunarstöðvanna um ráðgjöf og fræðslu hefur ráðgjafardeildin ákveðna frumkvæðisskyldu hvað varðar að bjóða fram stuðning og ráðgjöf. Samband var haft við allar stöðvarnar oftast en venjulega með símtölum og tölvupóstum í tengslum við lokanir og aðlaganir vegna COVID-19 ástandsins. Má þar nefna að sérstaklega var vakin athygli á fréttabréfum Fjölmenntar og námsefni til fjarkennslu og verkefnastjórar hvattir til að deila þessu efni með leiðbeinendum og þátttakendum.

Áður en til lokunar kom náðist að skipuleggja heimsókn fyrir tvo verkefnastjóra frá Símenntunarstöð Eyjafjarðar sem komu til að fá ráðgjöf vegna námskeiða fyrir fólk með flóknar samsettar fatlanir.

Haldinn var fjarfundur forstöðumanns og ráðgjafardeildar í maí, þar sem boðaðir voru allir verkefnastjórar og forstöðumenn símenntunarstofnana á landsbyggðinni til umræðna um viðbrögð og lausnir í nýjum aðstæðum, með meiri takmörkunum í samskiptum og hvað varðar stærð hópa. Var fundurinn mjög góður og margar góðar hugmyndir og reynslusögur komu fram.

4. SAMSTARF VIÐ SÍMENNTUNARSTÖÐVAR

Fjölmennt gerir samstarfssamninga við símenntunarstöðvar á landsbyggðinni tvisvar á ári. Eftir hverja önn skila þær skýrslu um námskeið annarinnar og nýtingu fjármagns ásamt tölulegum upplýsingum sem sjá má hér aftast í skýrslunni.

Eins og allsstaðar í þjóðfélaginu hafði COVID-19 áhrif á starfsemi símenntunarstöðva á árinu. Færri námskeið voru haldin og á tveimur stöðvum voru engin námskeið á haustönn. Af þessum sökum varð afgangur af þeirri upphæð sem gert var ráð fyrir til stöðvanna í fjárhagsáætlun Fjölmenntar. Ákveðið var að láta stöðvarnar njóta þessa afangangs á árinu 2021. Flestar stöðvar hafa því meira fjármagn til náms fyrir fatlað fólk þetta árið.

Það hefur lengi legið fyrir að endurskoða þarf skiptingu fjármagns til stöðvanna. Í þjónustusamningi Fjölmenntar við menntamálaráðuneyti er ekkert fjallað um greiðslur til símenntunarstöðvanna, engin regla um skiptingu né hversu mikið af framlagi Fjölmenntar á að fara í þennan lið. Í samningnum er því ekkert sem hægt er að styðjast við varðandi skiptingu. Undanfarin ár hefur forstöðumaður margítrekað þá ósk að fá umræður um þetta mál við menntamálaráðuneytið þar sem eðlilegt er að verklag við skiptingu fjármagns milli stöðva komi þaðan. Þetta mál er eitt af því sem stjórnin hefur sett á oddinn við endurskoðun þjónustusamnings.

Haustið 2020 var ákveðið að taka skiptinguna til endurskoðunar. Fengnar voru upplýsingar frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga fyrir árið 2021 sem sýna hversu margir einstaklingar falla undir lög um málefni fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir, 20 ára og eldra á hverju svæði. Einnig voru skoðaðar tölur frá Hagstofu um mannfjölda á hverju svæði stöðvanna. Fundað var með forstöðumönnum þar sem skoðaðar voru mismunandi leiðir til skiptingar. Unnið var með eftirfarandi spurningar:

1. Hvaða viðmið er sanngjarnt að nota? Á að fara eftir tölum Jöfnunarsjóðs um fjölda fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir?
2. Á að taka upp kerfi þar sem stöðvar sækja um í byrjun árs og áætla hversu mörg námskeið á að halda, upphæð gæti verið breytileg milli ára.
3. Þarf að skoða aðra þætti s.s. stærð svæðis og fjarlægðir?
4. Á að taka tillit til mismunandi fötlunar þeirra sem sækja námskeið? Hærri upphæð til þeirra sem eru með mikið af einstaklings/fámennum námskeiðum?
5. Hvernig er umfang umsjónar/skipulagsþáttar metið?
6. Á að gera þarfagreiningu á hverju svæði?

Umræður leiddu ekki til niðurstöðu og fram kom að ekki er einfalt að finna sanngjarna reglu. Halda þarf þessarri umræðu áfram og eðlilegt að menntamálaráðuneyti komi að henni.

Forstöðumaður hefur í nokkurn tíma verið þeirrar skoðunar að framlög til símenntunar fatlaðs fólks eigi að lúta sömu lögmálum og annarrar símenntunar á svæðunum. Það skipulag væri í takt við hugmyndafræði um nám fatlaðs fólks, það er hluti af samfélaginu og þegar ákveðið er framboð námskeiða á að skipuleggja þau með sama hætti og aðra símenntun. Það fyrirkomulag mundi einnig skapa tækifæri til náms án aðgreiningar og samlegðaráhrif við aðra nemendahópa á svæðunum.

LOKAORÐ

Þegar ég lít til baka yfir þetta óvenjulega ár er mér efst í huga þakklæti til starfsfólks Fjölmenntar. Við þurftum með engum fyrirvara að breyta námskeiðahaldi í fjarkennslu í byrjun mars. Það var oft á tíðum áskorun, námskeiðin eru misjöfn og ekki alltaf auðvelt að sjá hvernig hægt væri að kenna þau með fjarkennslusniði. Allir lögðust á eitt og úr varð öflug kennsla með miklu samstarfi við heimili nemenda okkar. Það má heldur ekki gleyma því að við höfum lært margt af þessum tíma. Það má til dæmis nefna að nú bjóðum við upp á nokkur fjarnámskeið sem eru skemmtileg viðbót við námskeiðsflórana.

Þjónustusamningur Fjölmenntar við mennta- og menningarmálaráðuneyti rann út í lok árs 2017. Samningnum hefur síðan, að ósk ráðuneytis, verið framlengt óbreyttum fjórum sinnum til árs í senn. Eins og fram hefur komið í ársskýrslum undanfarinna ára er löngu tímabært að endurskoða samninginn. Efnisleg vinna núgildandi samnings fór fram árið 2015 og frá þeim tíma hefur ýmislegt breyst og má þar helst nefna þær skyldur sem íslensk stjórnvöld tóku á sig með fullgildingu Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks árið 2016.

Í byrjun árs 2018 hófst vinna við endurskoðun laga um framhaldsfræðslu. Endurskoða á kerfið í heild, þar með talið símenntun fyrir fatlað fólk. Forstöðumaður Fjölmenntar sat í vinnuhópi sem hafði það hlutverk að skoða og móta tillögur að námi fyrir fólk með þroskahömlun og fólk á einhverfurófi. Nokkrir vinnufundir voru á árinu 2018 en síðan þá hefur vinnan legið niðri.

Eins og fram hefur komið var á árinu gefin út skýrsla um tækifæri ungs fólks með þroskahömlun og skyldar raskanir að loknu námi á starfsbraut. Þar koma fram athyglisverðar tillögur sem aukið geta aðgengi fatlaðs fólks að námi. Vonandi verður þeim komið í framkvæmd sem fyrst.

Í lok ársins var tilkynnt að til standi að gera úttekt á starfsemi Fjölmenntar. Þegar þetta er ritað í maí hefur ekki verið ákveðið hvenær þessi úttekt hefst.

Ég bind miklar vonir við að endurskoðun laga um framhaldsfræðslu, nýjar tillögur um tækifæri fyrir ungt fólk með þroskahömlun og skyldar raskanir og úttekt á Fjölmennt gefi okkur tækifæri til þess að þróa starfsemi okkar og færa markhópnum ný og fjölbreytt námstækifæri.

Ég þakka samstarfsfólki mínu og stjórn Fjölmenntar fyrir gott samstarf og sömuleiðis samstarfsaðilum og verktökum sem kennt hafa á námskeiðum á árinu.

Reykjavík, 10. maí 2020

Helga Gísladóttir, forstöðumaður Fjölmenntar

Tölulegar upplýsingar vorið 2020

	Fjöldi námskeiða	Kennslustundir samtals öll námskeið	Fjöldi á öllum námskeiðum	Hversu margir nýta sér námskeið
Austurbrú Egilsstöðum	6	96	20	11
Farskólinn- miðstöð símenntunar á Norðurl. vestra	3	53	11	7
Fræðslumiðstöð Vestfjarða	5	62	31	15
Fræðslunetið-símenntun á Suðurlandi	20	320	67	67
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	6	132	64	44
Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi	3	72	31	31
Símenntunarstöð Eyjafjarðar	27	485	46	36
Viska Vestmannaeyjum		engin námskeið		
Þekkingarnet Þingeyinga	3	38	28	18
Fjölmennt - nám fyrir fólk með þroskahömlun	141	1.829	386	366
Sumarnámskeið - nám fyrir fólk með þroskahömlun	132	574	171	141
Fjölmennt - nám fyrir fólk með geðfötlun	8	131	32	25
	354	3.792	887	761

Skipulögð voru 153 námskeið á höfuðborgarsvæði, 141 námskeið fóru af stað

412 manns fengu námskeiðspláss í byrjun annar, 386 einstaklingar voru á námskeiðum

Tölulegar upplýsingar haust 2020

	Fjöldi námskeiða	Kennslustundir samtals öll námskeið	Fjöldi á öllum námskeiðum	Hversu margir nýta sér námskeið
Austurbrú Egilsstöðum	5	51	20	17
Farskólinn- miðstöð símenntunar á Norðurl. vestra		Engin námskeið		
Fræðslumiðstöð Vestfjarða	9	70	34	11
Fræðslunetið-símenntun á Suðurlandi	23	175	47	47
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	5	134	31*	17
Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi		Engin námskeið		
Símenntunarstöð Eyjafjarðar	9	144	13	13
Viska Vestmannaeyjum	4	48	34	14
Þekkingarnet Þingeyinga	2	30	17	14
Fjölmennt - nám fyrir fólk með þroskahömlun	186	3.179	370	314
Jólanámskeið - nám fyrir fólk með þroskahömlun	101	203	131	131
Fjölmennt - nám fyrir fólk með geðfötlun	10	127	33	30
Jólanámskeið - nám fyrir fólk með geðfötlun	6	13	11	11
	353	4.161	696	595

*Að auki voru 15-20 manns á fyrirlestrum í samvinnu við geðræktarmiðstöðina Björgina